

Fundargerð 146. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 21.nóvember 2023

Fundartími: Krakkaborg 16:30 – 17:10

Sameiginleg málefni 17:10 – 17:20

Flóaskóli 17:20 – 18:45

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, vara formaður

Sævar Örn Sigurvinsson,aðalmaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Ragnar Finnur Sigurðsson fulltrúi foreldra Flóaskóla

Axel Páll Einarsson ,ritari boðaði forföll

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar boðaðir forföll

Dagskrá:

Krakkaborg:

1. Fréttir af skólastarfinu. Nokkuð um veikindaforföll starfsmanna en hefur þó minnkað frá fyrri mánuðum. Áætlun hefur verið gerð um móttöku barna frá Grindavík en ekki hefur reynt á það ennþá. Leikskólastarfið gengur almennt vel.
2. Stoðbjónusta – sérfræðisþjónusta, stöðumat og áherslur. Farið yfir stoðbjónustu af hálfu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Ánægja er af hálfu leikskólans með þjónustu þessara aðila og ekki löng bið eftir þjónustu frá þeim. Hins vegar getur verið löng bið eftir þjónustu ef þarf að fara með börn til sérfræðings til frekari þjónustu utan leikskólans. Nemendaverndarráð fundar á 6 vikna fresti.
3. Fáliðunaráætlun, endurskoðun. Ný fáliðunaráætlun lögð fram og hún samþykkt.
4. Drög að fjárhagsáætlun. Sara lagði fram drög að fjárhagsáætlun Krakkaborgar. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við drögin.
5. Önnur mál. Sara ræddi um mögulegar breytingar á skipulagi styttingar vinnuvikunnar. Fræðslunefnd er áhugasöm um málefnið og Sara skoðar málið frekar. Fræðslunefnd tekur málið upp aftur eftir áramót. Sara ræddi einnig um yfirvinnu starfsfólks.

Sara
Þordís E.
Margrét Ólafsdóttir
Kari
Sævar Ólafsson
Bjarni Stefansson

Sameiginlegt:

6. Samstarfsáætlun Flóaskóla og Krakkaborgar. Samstarfsáætlun lögð fram.
Fræðslunefnd lýsir ánægjum með hana.
7. Önnur mál. Engin.

Jorat
Þordís Ólafsdóttir
Þórunn Jónassdóttir
Margrét Órfa Guðmundsdóttir
Gunn
Sigríður Ólafsson
Innri Grettarsdóttir
Ragnar Þ. Sigurdsson
Björn Stefansson

Flóaskóli:

8. Fréttir af skólastarfinu. Dansnámskeiði lauk með danssýningu fyrir foreldra í skólanum. Elsta stig skólans sýndi leiksýningu fyrir skólann og gesti og var með þrjár sýningar. Undirbúningur er hafinn að sýningum yngri barna í aðdraganda jóla og jólahringekju allra nemenda. Langspilsvaka verður 1.desember og hefur forseta Íslands verið boðið. Einnig er í undirbúningi að nemendur spili á langspil með Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir áramót.
9. Stoðþjónusta – sérfræðispjónusta, stöðumat og áherslur. Málinu frestað til janúarfundar fræðslunefndar.
10. Skólapúlsinn, niðurtöður nemendakönnunar. Farið yfir niðurstöður Skólapúlsins úr könnun nemenda 6-10 bekkjar. Starfsfólk hefur farið yfir niðurstöður og rætt úrbætur, Fyrir dyrum stendur að ræða niðurstöður við nemendur og þeirra tillögur um úrbætur.
11. Drög að fjárhagsáætlun. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun Flóaskóla. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við áætlunina.
12. Niðurstöður vinnuhóps vegna Flóaskóla. Niðurstöður vinnuhóps vegna Flóaskóla og skólalóðar kynntar.
13. Önnur mál. Engin önnur mál.

Sins Grétars ðólli
Ragnar F Sigurðsson
Soroz Ólafsson
Guðrún Ólafsson
Margrét Ólafsa Guðmundsdóttir
Þórunn Þóra Ólafson
Bjarni Stefansson

Fundargerð nr. 6

Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 8. nóvember 2023
Fundartími:	17:00-18:00
Fundarmenn:	Árni Eiríksson, oddviti Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd Bjarni Stefánsson, formaður fræðslunefndar Harpa Magnúsdóttir, fulltrúi úr sveitarstjórn Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna Benóný Ágústsson, fulltrúi nemenda Hugrún Svala Guðjónsdóttir, fulltrúi nemenda Anne Bruun Hansen frá Eflu
Forföll:	Örvar Rafn Hlíðal, formaður stýrihóps um Heilsueflandi samfélag Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi íþróttá-, æskulýðs- og menningarnefndar

Frá síðasta fundi hefur Anne fundað með starfsmönnum Flóaskóla en sa fundur var haldinn í Flóaskóla þann 10. október. Á þeim fundi var farið yfir þau gögn sem liggja fyrir til að greina betur núverandi rými og skiptingar ásamt því að fá hugmyndir starfsmanna inn í vinnuna.

Helstu niðurstöður þess fundar voru eftirfarandi:

- *Mikilvægt að fara strax í að hanna aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum*
- *Fundur hvetur til að farið verði samhliða í framkvæmdir við viðbyggingu og íþróttahús.*
- *Fundur fagnar hugmundum um framkvæmdir innanhúss strax næsta sumar.*

Á 288. fundi sveitarstjórnar bókaði sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi til að bregðast við bókun frá fundi starfsmanna Flóaskóla vegna aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum:

„Vinnufundar með starfsmönnum Flóaskóla

Anne Bruun Hansen frá Eflu sótti vinnufund með starfsmönnum Flóaskóla vegna hugmynda um uppbyggingu við skólann þann 10. október 2023 og er það liður í að móta tillögu frá vinnuhóp vegna uppbyggingar við Flóaskóla.

Sveitarstjórn þakkar fyrir þá punkta sem komu fram á fundi með starfsmönnum skólans og verða þeir teknir áfram til umræðu í vinnuhóp um uppbyggingu við Flóaskóla sem skilar væntanlega af sér tillögu á næstu dögum. Sveitarstjórn tekur undir að mikilvægt sé að fara strax í að skoða aðkomu skólabíla og annarrar umferðar að skólanum til að auka umferðaröryggi á planinu fyrir framan Flóaskóla og telur ekki þörf á að bíða með þær breytingar sem varða aðkomu skólabíla og einkabíla þar til niðurstöður um framtíðaruppbyggini við Flóaskóla liggur formlega fyrir. Sveitarstjórn felur skólastjóra að útfæra hugmyndir að aðkomu skólabíla og einkabíla þannig að hægt sé að bregðast við ákalli um aukið umferðaröryggi sem fyrst.“

Skólastjóri mun hefja undirbúning á nauðsynlegum breytingum á aðkomu skólabíla og annarrar umferðar skv. fundi starfsmanna og bókun sveitarstjórnar. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og öryggi nemenda á svæðinu þar sem bílar fara um.

Markmið fundarins í dag er að vinnuhópurinn sammælist um tillögu til sveitarstjórnar að uppbyggingu. Vinnuhópurinn skal skv. erindisbréfi sínu skila áfangaskiptri og tímasettri framkvæmdaáætlun og grófu kostnaðarmati sem byggir á þeiri þarfagreiningu sem farið hefur fram.

Anne fór yfir uppfærðar teikningar af mögulegum breytingum á núverandi húsnæði. Einnig fór hún yfir grófar kostnaðartölur varðandi breytingar, viðbyggingu á tveimur hæðum til að hýsa stoðrými, anddyri, bókasafn, opið rými o.fl. ásamt gráfum kostnaðartölum í íþróttahús.

Rætt var um að leggja áherslu á að hanna alla 4 áfangana strax þ.e hanna heildarskipulag strax þar sem gert er ráð fyrir öllum 4 áföngunum.

Eftirfarandi er tillaga frá Anne um fjóra áfanga sem byggist á vinnu hópsins, starfsmannafundi í Flóaskóla og greiningu sem hefur farið fram:

Áfangi I: Breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnæði útfrá hugmyndum vinnuhóps og starfsmanna Flóaskóla. Í grófum dráttum felst það í tilfærslu á veggjum á neðri hæð til að stækka smíðastofu og heimilisfræði og gera vélarsal, geymslu og aðstöðu fyrir brennsluofn. Textílmennt fær í aðra stofu á neðri hæð og stofan sem textílstofan er í dag skilgreind sem kaffistofa kennara. Aðstaða í endanum á neðri hæðinni væri nýtt til að koma upp aðstöðu til ljósritunar, prentunar ofl. Lítið vinnuherbergi myndi koma á milli textílstofu og myndmennttarstofu. Bókasafn væri hannað undir stiganum en kanna þarf hvort sú hönnun samrýmist brunahönnun. Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að það séu hurðir út á þremur stöðum fyrir aftan húsið og þremur stöðum að framan. Við smíðastofu og heimilisfræði væri byggð upp útiaðstaða sem býður upp á aðstöðu fyrir útikennslu.

Varðandi brunahönnun þá þarf að fara yfir málín með brunahönnuði til að skoða hvort þetta séu raunhæfar breytingar t.d með tilliti til breytinga á bókasafni og aðstöðu fyrir brennsluofn.

Áfangi II:

Viðbygging við enda hússins. Inngangur, alrými, stjórnun og auka kennslurými

Áfangi III:

Íþróttasalur, búningsklefar og tækjasalur og annað sem fylgir. Gert ráð fyrir að tengja íþróttasalinn við skólann.

Áfangi IV:

Smiðja / sérgreinastofur sem væri byggð framan við viðbyggingu 1 þar sem gamli skólinn var áður.

Varðandi gróft kostnaðarmat þá er lagt til að Anne hitti sveitarstjórn og fari nánar yfir kostnaðarmat á ofangreindum áföngum ásamt því að skoða kostnað við brunahönnun og aðra hönnun.

Fyrir liggur mjög gróft fermetraverð sem byggir á fyrri verkefnum hjá öðrum sveitarfélögum:

Áfangi I: Óljóst með kostnað við breytingar á innra skipulagi

Áfangi II: 500 m² 650 þús/m²

Áfangi III: 1700 m² 350 þús/m²

Áfangi IV: 250 m² 650 þús/m²

Eftirfarandi er tillaga til sveitarstjórnar Flóahrepps sem byggir á vinnu hópsins síðustu mánuði:

Vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð leggur til að í janúar 2024 verði farið af stað í að undirbúa breytingar á núverandi húsnæði til að auka nýtingu og bæta aðstöðu nemenda og starfsmanna skv. tillögum sem kynntar voru á fundinum og fylgja með fundargerð.

Á sama tíma verði skipuð framkvæmda- og bygginganefnd sem heldur utan um framkvæmdirnar. Sveitarstjórn semji erindið bréf fyrir framkvæmda- og bygginganefnd Flóaskóla og skilgreinir skipan, hlutverk og starfshætti nefndarinnar. Vinnuhópurinn leggur til að eitt af fyrstu verkefnum nefndarinnar verði að fá tilboð í heildarhönnun á öllum fjórum áföngunum. Í kjölfarið taki sveitarstjórn ákvörðun um timaramma framkvæmda. Lögð verði áhersla á vandaðan undirbúning framkvæmda.

Vinnuhópurinn leggur til að stefnt skuli að því að breytingar á innra skipulagi í núverandi húsnæði verði að fullu klárar á árinu 2024 án þess að raska starfsemi Flóaskóla að miklu leyti.

Jafnframt skuli stefnt að hefja framkvæmdir við áfanga II sumarið 2025 og að ný viðbygging verði tekin í notkun í lok árs 2026.

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Igríður Oddny Stefánsdóttir
t. 150657209
ags. 10.11.2023 15:29:22
stæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Björn Elrifsson
t. 0809664589
ags. 9.11.2023 18:27:05
stæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
ulda Kristjánsdóttir
t. 3001843249
ags. 9.11.2023 10:55:15

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 9.11.2023 20:17:36
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Ragnar Finnur Sigurðsson
Kt. 1706835289
Dags. 9.11.2023 11:10:22

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Harpa Magnúsdóttir
Kt. 2004784959
Dags. 10.11.2023 11:36:50
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Heimir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 9.11.2023 15:54:55

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Bjarni Stefánsson
Kt. 0312638249
Dags. 10.11.2023 12:43:20
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT UNDIRRITAD
Brynjár Jón Stefánsson
Kt. 0907603869
Dags. 9.11.2023 18:00:53



FUNDARGERÐ

15. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 2. október 2023 og hófst kl. 8:15.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Þór Kristjánsson, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður héraðsnefndar.

1. Fundarsetning

2. Stjórnskipulag Héraðsnefndar – undirbúningur v/ haustfundar

Framkvæmdastjórn ræddi minnisblað sem lagt verður fyrir haustfund um breytingu að stjórnskipulagi Héraðsnefndar. Minnisblaðið verður lagt fyrir haustfund með umræddum breytingum.

3. Haustfundur Héraðsnefndar

Farið var yfir dagskrá haustfundar og hún samþykkt. Framkvæmdarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanir frá Byggðasafninu og Tónlistarskólanum fyrir sitt leiti. Fjárhagsáætlanir Listasafnsins, Héraðsskalasafnsins og Brunavarna verða sendar út á framkvæmdastjórn til yfirferðar og samþykkis.

4. Erindi frá Lýð Pálssyni, dags. 29. sept 2023. – Beiðni um aukaframlag til Byggðasafns Árnesinga vegna 2023.

Erindinu er vísað til haustfund Héraðsnefndar.

5. Erindi frá Árborg dags. 29. sept 2023 – Ósk um breytingu á leiguverði til Héraðsskalasafnsins í Ráðhúsi Árborgar.

Erindinu vísað til haustfundar Héraðsnefndar.

6. Næsti fundur

Haustfundur Héraðsnefndar verður haldinn í Þorlákshöfn, 10. október nk. kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:06

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Gestur Þór Kristjánsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir



HRUNAMANNAHREPPUR

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPURSKEIÐA- OG
GNÚÞVERJAHREPPUR

FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGARBYGGÐ



ÁSAHREPPUR

Seyrustjórn

12. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, mánudaginn 30. október 2023 kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúþverjahrepps

Helgi Kjartansson, odddviti Bláskógarbyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Rekstrarform seyruverkefnisins

Í framhaldi af umræðum síðustu funda og bókun sveitarstjórnna aðildarsveitarfélaganna er samþykkt að færa rekstur Seyruverkefnisins inn í byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Formanni stjórnar seyruverkefnisins og formanni stjórnar Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. falið að vinna málið áfram ásamt skrifstofustjóra Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15.



Aðalfundur
Sorpstöðvar Suðurlands bs
haldinn á Hótel Vík
27. október 2023

Nóvember 2023

1. Setning

Anton Kári Halldórsson formaður SOS setur fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Jón G. Valgeirsson sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara.
Er það samþykkt samhljóða.

Formaður felur fundarstjóra stjórn fundarins.

3. Kosning í kjörbréfaneftnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga kjörnefndar að kjörbréfaneftnd:

Kjörbréfaneftnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Eydís Indriðadóttir	Rangárþingi ytra
Sveinn Ægir Birgisson	Sveitarfélagið Árborg

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfaneftnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Anton Kári Halldórsson, formaður flytur skýrslu stjórnar, kynnir hann stjórn sína. Haldnir hafa verið sjö stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi.

Hlutverk SOS hefur tekið talsverðum breytingum á undanförnum árum þar sem SOS hefur ekki tryggt farveg úrgangs frá aðildarsveitarfélögum nema að litlu leyti. SOS hefur meira verið í sértækum aðgerðum s.s. vegna brennslu á dýraleifum og úrgangi úr fitugildrum. Unnið er að því að finna lausnir á þeim málum en það gengur þó hægt. Þar spilar stórt hlutverk Orkugerðin sem er að gera góða hluti. Það er vaxandi eftirspurn eftir brennanlegum úrgangi. Ekki var endurnýjaður samningur við Stefán Gíslason, umhverfisstjórnarfræðing en Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfissérfræðingur hjá SASS hefur tekið við hluta af verkefnunum sem hann var með s.s. varðandi samantekt og að halda utan um úrgangsmagn ólíkra úrgangsflokka á starfssvæðinu.

Samráðsnefnd sorpsamlaga á Suðvesturlandi hafa haldið sjö fundi einnig var skrifað undir svæðisáætlun sorpsamlaganna í lok árs 2022. Aðgerðir sem lagðar eru til í svæðisáætlun eru samræming söfnunarkerfa, áframhaldandi rekstur Orkugerðarinnar, athugun með uppbyggingu og rekstur brennslustöðvar fyrir dýraleifar, fræðsla um mikilvægi endurvinnslu á plastumbúðum og heyrílluplasti, aðskilin sérsöfnun pappa, pappírs og plasts, samstarf um endurnotkun og endurvinnslu glerumbúða og vöktun og þróun vegna endurvinnslu úrgangs. Það er mikill samstarfsvilji og hefur á öllum fundunum verið til umfjöllunar málefni brennslustöðva og orkuvinnslu, og er málið í ágætum farvegi en engar niðurstöður liggja fyrir enn sem komið er. Samtal og samvinna sorpsamlaganna hefur aukist og er skýr vilji stjórnar að halda því áfram en öll samlögin leggja metnað sinn í að finna farsæla leið fyrir úrgangsmál.

Afram er unnið að leit undir mögulegan urðunarstað á Suðurlandi. Mögulega eru svæði sem gætu nýst fyrir efnulosun, vinnslu eða geymslu á úrgangi í Kirkjuferjuháleigu, á Strönd og Skógarsandi. Unnið er áfram að frágangi og viðhaldi í Kirkjuferjuháleigu og gengur það vel. Gerður var samningur við EFLU um mælingar og vöktun á urðurnarsvæðinu og hafa niðurstöður mælinga sýnt að þær mæta kröfum Umhverfisstofnunar, árlegur kostnaður við að halda svæðinu við og uppfylla kröfur er hár.

Á hluthafafundi Orkugerðarinnar í nóvember 2022 var samþykkt að auka hlutafé í félagini og í framhaldi var ráðist í stækkun á húsnæði og kaup á nýjum búnaði til að auka afköst og eru þær framkvæmdir langt komnar. SOS fer með 34,1% eignarhlut í félagini og er stærsti hluthafinn. Til að viðhalsa hlutfallslega hlut SOS í félagini samþykkti sorpstöðin að kaupa hlut í Orkugerðinni í byrjun árs.

Lausn Orkugerðarinnar er hluti af hringrásarhagkerfinu en þar er framleitt kjötmjöl og fita. Aukið var við starfsleyfi Orkugerðarinnar og er hún 14 þúsund tonn á ári.

Endurnýjaður var samningur við SASS en þar fer fram mikilvægt samstarf ásamt vinnu við ákveðin verkefni.

Aðeins hefur hægst á verkefinu um að koma brennsluofni fyrir dýrahræ á Strönd er það m.a. vegna áhuga Orkugerðarinnar á að byggja upp slíka starfsemi er þetta þó allt í skoðun.

SOS hefur tekið miklum breytingum en það eru tækifæri fyrir SOS og þau kalla eftir að sveitarfélögini nýti sér það sem boðið er upp á því úrgangsmál er stóra verkefni sveitarfélaganna.

5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörbréfanefndar kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 8 aðalfulltrúa og 1 fulltrúi er fjarverandi.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Mál til afgreiðslu

a) Ársskýrsla SOS 2022 - 2023

Eru henni gerð skil í skýrslu stjórar fyrr á fundinum.

b) Endurskoðaður ársreikningur 2022

Anton Kári kynnir ársreikning fyrir árið 2022, þar kemur fram að rekstrarhagnaður nam um 1,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé 127,2 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2024

Anton Kári kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði áfram 10 m.kr. og rekstrargjöld 16,7 m.kr. Áætlað er að hagnaður ársins verði 2,3 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð er fram tillaga að breytingum gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2024.

Tillaga til aðalfundar SOS 27. október 2023 um tekjustofn (gjaldskrá).

Fram til loka árs 2018 byggði tekjustofn SOS á umsýslugjaldi sem lagt var á allan úrgang sem fór til urðunar og var gjaldið 0,76 kr./kg. án vsk.

Á aðalfundi SOS árið 2018 var tekjugrunni SOS breytt og skyldi hann framvegis byggja á brunabótamati sem vigtí 70% og á fjölda íbúa sem vigtí 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS, sbr. töflu hér að neðan.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS gefið að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og ef miðað er við að brunabótamat vigtí 70% (stofn frá 31. desember 2022) og fjöldi íbúa vigtí 30% (1. janúar 2023). Í dálknum „Samtals gjald“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Innheimta á gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 01.01.23*	Brunabótamat 31.12.22**	Samtals gjald	%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	68.750	370.349	439.100	4,39%
Flóahreppur	84.359	214.703	299.063	2,99%
Sveitarfélagið Árborg	1.339.145	1.880.238	3.219.383	32,19%
Hrunamannahreppur	104.139	306.221	410.359	4,10%
Bláskógarbyggð	152.514	749.763	902.277	9,02%
Grímsnes- og Grafningshreppur	63.746	848.500	912.246	9,12%
Hveragerðisbær	380.809	530.896	911.705	9,12%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	499.960	1.438.384	1.938.344	19,38%
Sveitarfélagið Ölfus	306.577	660.945	967.522	9,68%
Samtals	3.000.000	7.000.000	10.000.000	100,00%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	Gjald	Gjald	Samtals gjald	%
Rangárþing ytra	222.337	605.799	828.136	8,28%
Rangárþing eystra	242.474	579.972	822.445	8,22%
Ásahreppur	35.150	252.613	287.763	2,88%
Sorpstöð Rangárvallasýslu	499.960	1.438.384	1.938.344	19,38%
Marktekjur kr. 10.000.000.-				
Vægi íbúafjölda 30%				
Vægi Brunabótamats 70%				

e) Tillaga um þóknun stjórnar

Anton Kári Halldórsson formaður leggur fram tillögu um þóknun stjórnar.

Tillaga til aðalfundar SOS 27. október 2023 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfarakaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfarakaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfarakaupi fyrir hvern fund.

2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

f) Tillögur að breytingum á samþykktum

Anton Kári Halldórsson formaður leggur fram tillögur að breytingum á samþykktum.

1. Almennt um byggðasamlagið

1.1. Breytingar á félagaformi og aðildarsveitarfélögin talin upp

- Þegar nýjar samþykktir hafa verið samþykktar af aðalfundi þarf að beina tilkynningu til fyrirtækjaskrár Skattsins um breytt félagaform. Sorpstöð Suðurlands er ekki skráð sem byggðasamlag heldur sem stofnun sveitarfélags og því þarf að tilkynna um breytingar til fyrirtækjaskrár Skattsins.
- Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga er nú lagt til að aðildarsveitarfélögin verði talin upp í samþykktum en það var ekki áður.
- Það hefur verið tekið út ákvæði um að fyrirtæki geti eignast eignarhlut enda er það ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög.

1.2. Verkefnum breytt og markmið skýrð

- Breytingar hafa orðið á starfsemi Sorpstöðvarinnar og því tímabært að fara yfir og uppfæra ákvæði um verkefni byggðasamlagsins og breytingar eru því lagðar til.
- Þá eru einnig tiltekin ákveðin markmið í starfseminni sem stjórn ber að vinna að.

2. Eignarhluti, ábyrgðir og heimildir til að skuldbinda aðildarsveitarfélög

2.1. Eignarhluti aðildarsveitarfélaga tiltekin

- Áður voru óskýr ákvæði um eignarhluta aðildarsveitarfélaga. Tekin var ákvörðun um að miða tillögu til aðalfundar við að eignarhluti myndi miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags óháð því hvernig eignir byggðasamlagsins komu til. Þetta er mikilvægt atriði ef það kemur til slita byggðasamlagsins eða úrsagnar sveitarfélags.

2.2. Fjárhagsleg ábyrgð aðildarsveitarfélaga

- Áður voru engin ákvæði um fjárhagslega ábyrgð aðildarsveitarfélaga en nú er kveðið á um einfalda fjárhagsleg ábyrgð aðildarsveitarfélaga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

2.3. Heimild byggðasamlags til að skuldbinda aðildarsveitarfélög

- Byggðasamlaginu er óheimilt að skuldbinda aðildarsveitarfélög umfram samþykktir, samþykkt aðalfundar með staðfestingu sveitarstjórna, fjárhagsáætlun og viðauka við hana. Engin ákvæði um þetta í eldri samþykktum.

3. Um aðalfundi og aukaaðalfundi

- Ákvæði um aðalfundi og aukaaðalfundi endurskrifuð.
- Áður voru ákvæði um aðalfundi byggðasamlagsins mjög fátækleg en ekki er gert ráð fyrir neinum efnislegum breytingum í tillögunni sem liggur fyrir aðalfundi. Samþykktirnar eiga nú að mæla fyrir um þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð þótt ákvæði samþykktta hafi ekki fjallað um hana. Það eru því að sjálfsögðu töluverðar viðbætur.
- Ákvæði varðandi félagsfund tekin út.

4. Um ályktunarhæfi aðalfundar/aukaaðalfundar, atkvæðagreiðslu og fundargerðir

- Eins og áður kom fram voru ákvæði um aðalfundi byggðasamlagsins mjög fátækleg en tillagan gerir ekki ráð fyrir neinum efnislegum breytingum en um töluverðar viðbætur er að ræða.
- Ákvæði um fundargerðir uppfært m.t.t. núverandi framkvæmdar, ritun í gerðabók lögð af. Tillagan vísar til þess að fundargerðir skuli rita í samræmi við ákvæði sveitarstjórnalaga og leiðbeiningar frá ráðherra um ritun fundargerða sveitarstjórna.

5. Um starf stjórnar og starfslið byggðasamlagsins

5.1. Breytingar á orðalagi varðandi starf stjórnar og tilvísun til sveitarstjórnarlaga vegna meðferð fjármuna.

- Breytingar gerðar á orðalagi ákvæðis og tiltekið að stjórn beri ábyrgð á starfsemi byggðasamlagsins.
- Tiltekið að stjórn beri ábyrgð á því að starfsemi byggðasamlagsins samræmist sveitarstjórnarlögum og þá sérstaklega hvað varðar meðferð fjármuna. Til skýringa þá er það einungis sveitarstjórn sem getur tekið ákvörðun um úthlutun fjármuna úr sveitasjóði og byggðasamlög verður því að reka innan fjárheimilda í samþykktum fjárhagsáætlunum eða viðauka. Sé farið fram úr fjárheimildum samþykktar fjárhagsáætlunar og ekki gerður viðauki (fyrirfram) þá er starfsemi ekki í samræmi við sveitarstjórnarlög hvað þetta varðar.

5.2. Ákvæðum bætt við um form á fundarboði fyrir stjórnarfundi

- Nákvæmari ákvæðum bætt við um hvernig boða skuli stjórnarfundi.
- Tiltekið að atkvæði formanns ráði ef atkvæði falla jafnt á stjórnarfundi.

5.3. Valkvætt að ráða framkvæmdastjóra og kveðið á um heimildir hans á aðalfundi

- Tillagan gerir ráð fyrir því að ráðning framkvæmdastjóra sé valkvæð en ekki skyldubundin en af eðli máls leiðir að fjárhheimildir til ráðningar þurfa að vera í fjárhagsáætlun.
- Heimildir framkvæmdastjóra á aðalfundi settar inn.
- Tiltekið að framkvæmdastjóri fari með ráðningarávald og hafi valdheimildir til að veita starfsfólk lausn frá starfi.

5.4. Breytingar gerðar á ákvæðum er varða samning við SASS

- Heimildir stjórnar til samnings við SASS þrengdar og tengdar tilteknum verkefnum. Eftir ábendingu ráðuneytis varðandi samþykktir var ákvæðið þrengt ennfrekar í uppfærðri tillögu fyrir aðalfund og gert skýrt að SASS fá ekki framselt vald til ákvörðunartöku.

6. Um fjármál og heimildir til samninga við einkaaðila og aðildarsveitarfélög

- Kaflinn kemur nýr inn í samþykktirnar í samræmi við kröfur í 94. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Aðalfundur þarf að samþykkja fjárhagsáætlun og vísa henni til aðildarsveitarfélaga til samþykktar.
- Stjórn lætur vinna ársreikning.
- Heimild sett inn til þess að semja við einkaaðila um framkvæmd tiltekinna verkefna eða þjónustu.
- Heimild sett inn til þess að semja við aðildarsveitarfélög eða Sorpstöð Rangárvallasýslu um tiltekin verkefni skv. ákvörðun aðalfundar.
- Áfram inni í samþykktum heimild til þess að eignast eignarhlut í fyrirtækjum sem starfa á sviði úrgangsmála.

7. Um aðild, úrsögn og slit

7.1. Litlar breytingar á ákvæði um að taka inn ný aðildarsveitarfélög.

7.2. Tillaga gerð að frekar ítarlegum ákvæðum um úrsögn aðildarsveitarfélags og uppgjör á eignarhluta og skuldbindingum.

7.3. Tillaga gerð að frekar ítarlegum ákvæðum um slit byggðasamlagsins og uppgjör á eignarhluta og skuldbindingum.

8. Um breytingar á samþykktum og gildistökuákvæði

- Óverulegar breytingar.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Stjórn hafði kallað eftir tillögum frá sveitarfélögum um hvaða verkefni ættu að vera áhersluverkefni á komandi starfsári. Við nánari umfjöllun stjórnar á áhersluverkefnum er ljóst að það er svigrúm fyrir þeim í fjárhagsáætlun og þarf því ekki að taka þær sérstaklega til afgreiðslu á fundinum.

Úrgangsgreining – Magn úrgangs og þróun á starfssvæði SOS 2016 – 2022

Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfissérfræðingur hjá SASS

Elísabet Björney Lárusdóttir fer yfir úrgangsgreiningu á starfssvæði SOS. Ræðir hún um gagnaöflun en greiningin er eins góð og gögnin eru, skráning er mis góð hjá sveitarfélögunum. SOS greinir gögn frá þjónustuaðilum sveitarfélaganna. Hún kallar einnig eftir upplýsingum frá sveitarfélögum það er gott að bera þau saman við gögn frá þjónustuaðilum.

Fer hún yfir samanburð á gögnum sveitarfélaga og UST. Það þarf að fara vel yfir hvað þjónustuaðilinn er að skila frá sér.

Ræðir hún um sumarhúsasveitarfélögini en þar eru fáir íbúar en mörg heimili. Heimilum hefur fjölgað en heildarmagn tölur heimilisúrgangs hefur dregist saman. Fer hún yfir þróun úrgagnsmagns eftir flokkum, einnig fer hún yfir ráðstöfun úrgangs á hvert sveitarfélag fyrir sig sem skiptist í þrjá flokka, förgun, endurnýtingu og endurvinnslu. Förgun í gegnum árin hefur að mestu leyti verið litað timbur og grófur úrgangur. Að meðaltali er úrgangur á hvern íbúa á svæðinu um 305 kg., meðaltal á hvern íbúa sem fer í endurnýtingu er 371 kg. og endurvinnsluúrgangur er 264 kg. en þessar tölur eru að lækka. Það er mikilvægt að íbúar og gámasvæðin flokki vel.

Ræðir hún um kostnað á sveitarfélag sem er að aukast alls staðar nema í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Bláskógabyggð og Rangárvallasýslu. Ræðir hún um samanburð á kostnaðaraukningu milli áranna 2021-2022.

Það er athyglisvert að fylgjast með sorpmálum í Rangárvallasýslu en þar eru aðilar á vegum sveitarfélaganna sem sækja úrganginn og förgunin á sér stað að stórum hluta á Strönd. Að lokum hvetur hún fulltrúa sveitarfélaganna að vera í sambandi við sig.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

7. Erindi: Steinþór Skúlason forstjóri SS og formaður stjórnar Orkugerðarinnar. Hvert er hlutverk Orkugerðarinnar í hringrásarhagkerfinu?

Steinþór er stjórnarformaður Orkugerðarinnar sem er eina starfandi fyrirtækið landinu á þessu svið og getum við verðið stolt að því. Fyrirtækið er upphaflega stofnað 1997 og hóf starfsemi árið 2000 en strax í upphafi gekk félagið illa og var óskað eftir gjaldþrotaskiptum 2003. Lagt var fram nýtt hlutafé og eignir keyptar af bankanum og er SS einn aðila sem tóku þátt í því. Árið 2016 er aftur farið í nauðarsamninga og hlutafé aukið.

Það átti að banna urðun dýraúrganga frá árinu 2010 en það gekk ekki eftir. Á ári eru endurunni um 4.600 tonn í Orkugerðinni frá Reykjagarði og SS og er kostnaðurinn um 53 m.kr. Það er ekki búið að leysa málið fyrir landið en það þarf að passa upp á að fjármunir frá ríkinu komi til aðila sem hafa verið að vinna að þessum málum.

Sýnir hann myndband af starfsemi Orkugerðarinnar.

Orkugerðin er mikilvæg starfsemi varðandi umhverfisstefnu. Sú afurð sem ekki er sold til matar eða sem dýrafóður fer til endurvinnslu í Orkugerðinni. Nú hefur afkastagetan tvöfaldast með stækkuinni og breytingu á búnaði og komið er starfsleyfi fyrir móttöku á 14 þúsund tonnum. Með breytingu á nýjum búnaði hefur helsta breytingin orðið að mikið verður til af heitu vatni en einnig á hefur verið lagt upp með lyktareyðingu. Orkugerðin hefur keypt lóðir í kringum verksmiðjuna og er verið að hugsa til framtíðar en þar eru miklir möguleikar. Kjötmjöl er afburðar áburður og hefur verið notaður til landgræðslu og skógræktar. Nauðsynlegt er að stöðva rekstur Orkugerðarinnar í 10 daga á ári og fara í nauðsynlegt viðhald en þá þarf að vera til staðar urðunarstaður til að taka á móti úrgagni meðan á þessu stendur, þau hafa verið í samtali við Strönd.

Fer hann yfir hluthafalistann og lykiltölur í rekstri. Eftir margra ára ströggil í rekstri þá eru þeir í dag að skila góðu búi.

Að lokum ræðir hann um að það þurfi að finna lausn til að urða sjálfdaða gripi en ekki má brenna þá með sláturúrgangi. Hann óskar eftir þáttöku sveitarfélaganna til að leysa það mál.

8. Erindi: Sandra Brá Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs. Hvernig geta sveitarfélögir og Úrvinnslusjóður styrkt samstarfið?

Sandra Brá Jóhannsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Daníel Gunnarsson frá Úrvinnslusjóði. Hvernig er hægt að styrkja samstarf sjóðsins við sveitarfélögir.

Sandra Brá ræðir um mikilvægi virkra samtala við sveitarfélögir, þau munu leggja áherslu á það. Fer hún yfir stjórn Úrvinnslusjóðs og ræðir um framleiðendaábyrgð og framlengda framleiðendaábyrði sem stuðlar að hringrásakerfi með vöru og þjónustu. Það skiptir máli að vera í sambandi og hafa góðar upplýsingar. Úrgangsfræðsla og forvarnir eru mikilvægar og mikilvægt

að þær komist til skila til neytenda. Úrvinnslusjóður er gegnumstreymissjóður, markmiðið er að skila úrvinnslugjaldi til þeirra sem meðhöndla úrganginn og undirbúa endurvinnslu.

Margrét ræðir um hlutverk sjóðsins sem sér um umsýlu og ráðstöfun úrvinnslugjalda og útbýr kerfi til að ráðstafa til þeirra aðila sem eru að skila til úrvinnslu. Úrvinnslugjaldi á að standa undir meðhöndlun á söfnunarstöð, flutningi hans til móttökustöðvar og endurvinnslu og endurnýtingu. Vöruflokkarnir skiptist í 20 flokka, hver vöruflokkur er fjárhagslega sjálfstæður og eru tekjur hvers flokks eyrnamerkar honum.

Tilgangur og markmið með sérstakri söfnun er að halda úrgangsflokkum aðskildum með því er auðveldara að forgangsraða og það verður minna efnistap og það dregur úr þörf á urðun. Það er einnig mikilvægt að safna úrgagni úti á víðavangi með því næst góð náttúruvernd.

Daníel fer hann yfir tölulegar upplýsingar um úrgangsmál.

9. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

10. Afgreiðsla á b. lið og tillögum c., d., e., f. og g. í 6. dagskrárlið

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur. Enginn tekur til máls.

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2022 verði samþykktur.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2024 verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillaga um þóknun stjórnar verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykkar

Tillögur eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum verði samþykktar.

Engar aðrar tillögur berast sem þarf að afgreiða sérstaklega.

11. Kosningar Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aldís Hafsteinsdóttir, leggur fram tillögu kjörnefndar að stjórn SOS.

Aðalmenn:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþ. eystra
Ása Valdís Árnadóttir, GOGG.
Bragi Bjarnason, Sveitarf. Árborg
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarf. Árborg
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbær Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarf. Ölfus

Varamenn:

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþ. ytra
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpv.hr.
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarf. Árborg
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarf. Árborg
Ölfus

Kjörnefnd leggur til að Anton Kári Halldórsson verði formaður og Bragi Bjarnason verði variformaður.

Tillagan að stjórn er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að formanni og varafomanni er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Formaður slítur fundi kl. 10:15

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>
Sent: þriðjudagur, 14. nóvember 2023 09:50
To: Ásta Stefánsdóttir; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; Haraldur Þór Jónsson; Aldís Hafsteinsdóttir; Hulda Kristjánsdóttir; fjlask@arborg.is; Geir Sveinsson; Elliði Vignisson
Cc: Þorsteinn Tryggvi Másson; jonbjarna@fludir.is; brynhildurj@arborg.is; Gestur Þór Kristjánsson
Subject: Fundargerð Héraðsskjalasafns Árnesinga - staðfesting aðildarsveitarfélaga.
Attachments: Hér_Arn_AA_2023_11_10_Fundargerð_stjórnar.pdf

Sæl öll

Á Haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn var 10. okt sl. í Þorlákshöfn var húsaleigusamningur á milli Árborgar og Héraðsskjalasafns Árnesinga, vegna leigu á jarðhæð og kjallara að Austurvegi 2 á Selfossi, lagður fram og samþykkjur.

Á fundi stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga sem haldinn var 10. nóv sl. var húsaleigusamningurinn lagður fram og samþykkjur af stjórn. Fundargerðin fylgir með í viðhengi.

Í 10. grein í stofnsamþykkt Héraðsnefndar segir: *Samþykki allra sveitarstjórnar aðildarsveitarfélaganna þarf til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar, meiriháttar eignabreytingar, ólögbindun útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi.*

Í samræmi við 10. grein stofnsamþykktar HÁ þurfa allar sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að samþykka húsaleigusamninginn.

Óskað er eftir að þegar sveitarstjórnirnar taka fyrir fundargerð Hérðasskjalasafnsins frá 10. nóv sl að staðfesta/samþykka húsaleigusamninginn.

Með fyrirfram þökk

Kveðja, Helgi

Formaður framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Aratunga, 806 Selfoss

Sími: 480-3000 og 898-1552

Netfang: oddviti@blaskogabyggd.is

Veffang: www.blaskogabyggd.is



Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og getu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjaraskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.



Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

Fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Fundur á Héraðsskjalasafni Árnesinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 10. nóvember 2023 og í fjarfundarbúnaði.

Fundur settur kl. 12:00.

Mætt: Gestur Þór Kristjánsson, Brynhildur Jónsdóttir, Jón Bjarnason og Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Húsaleigusamningur milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar

Endurnýjun á húsaleigusamning milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar vegna leigu á húsnæði á jarðhæð og í kjallara að Austurvegi 2 á Selfossi.

Leigugjald er kr. 552.850,- á mánuði og sundurliðast þannig að leigufjárhæð á fermetra í kjallara er kr. 2.000,- og á jarðhæð 4.500,- Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2024 og rennur þá eldri samningur úr gildi. Samningurinn er ótímabundinn með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Leigugjald tekur breytingum tvívar á ári í janúar og júní ár hvert miðað við hækjun á vísitölu neysluverðs. Miða skal við vísitölu neysluverðs eins og hún er við upphaf samnings.

GPK, BJ, JB og PTM tóku til máls. Húsaleigusamningur samþykktur með fyrirvara um samþykki sveitarfélaga.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.

Gestur Þór Kristjánsson [sign]

Brynhildur Jónsdóttir [sign]

Jón Bjarnason [sign]

Þorsteinn Tryggvi Másson [sign]

603. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

10. nóvember 2023, kl. 12:30 – 14:20

Þáttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson og Njáll Ragnarsson. Brynhildur Jónsdóttir boðaði forföll og í hennar stað kemur Bragi Bjarnason. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson svíðsstjóri þróunarsviðs og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Arnar Freyr og Njáll tengjast fundinum með fjarfundarhugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir

Fundargerð 602. fundar staðfest og undirrituð.

2. Ársþing SASS 2023

Formaður fer yfir nýliðið ársþing SASS í Vík en ályktanir ársþingsins hafa verið sendar á þingmenn, fulltrúa í fjárlaganefnd, fjölmiðla o.fl.

Þjónustukönnun hefur verið send á þingfulltrúa til að kanna viðhorf þeirra til dagskrár ársþingsins og aðalfunda SASS, SOS og HSL.

Auka aðalfund samtakanna þarf að halda fyrir miðjan júní á næsta ári. Á þeim fundi verður kosið í stjórn og tillögur að breytingum á samþykktum lagðar fram. Stjórn mun yfirfara gildandi samþykktir samtakanna og mun við yfirferðina, m.a. hafa hliðsjón af umræðu á nýliðnu ársþingi.

Fyrirhugað er að halda ársþing SASS 2024 í Hveragerði í lok október nk.

Ofangreind atriði verða til umræðu á næsta fundi stjórnar.

3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórnna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 12. - 14. funda stjórnar SSA, fundargerðir 141 - 143. funda stjórnar Austurbrúar, þinggerð haustþings SSNE og dagskrá aðalfundar SSS 2023.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s. úrvinnslu á gögnum eftir ársþingið, þ.m.t. frágang á fundargerðum aðalfunda og ályktana, gerð þjónustukönnunar meðal þingfulltrúa um ársþingið og fundur með fjárlaganefnd þar sem umsögn samtakanna um fjárlög 2024 var fylgt eftir.

c. Samgönguáætlun SASS 2023 - 2033

Formaður minnir á nýsamþykktu samgönguáætlun SASS 2023 – 2033 en hana má finna á heimasiðu samtakanna, sbr. [hér](#).

d. C.1 Sírtæk verkefni sóknaráætlanasvæða

Formaður kynnir að nú hafi verið opnað fyrir umsóknir vegna C.1, sírtæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Landshlutasamtök verða að vera umsækjendur. Til úthlutunar núna eru allt að 130 m.kr. og frestur er til 22. janúar 2024.

Sérstök áhersla er lögð á svæði sem bú við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf með gerð viðaukasamninga við sóknaráætlanir viðkomandi landshluta um tiltekin verkefni eftir forgangsröðun heimafólks. Nánari upplýsingar er að finna á vef innviðaráðuneytisins, sbr. [hér](#).

e. Íbúakönnun landshlutanna

Íbúakönnun landshlutanna er nú farin af stað að nýju. Sem fyrr er tilgangurinn að kanna hug íbúa um ýmsa þætti tengda búsetu þeirra með það markmiði að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði á svæðunum. Niðurstöðurnar veita innsýn í stöðu íbúa á landsbyggðinni og geta nýst öllu svæðinu í heild sinni, sveitarfélögum, fyrirtækjum og fræðimönnum svo eitthvað sé nefnt. Þær eru jafnframt góður grunnur til að nýta til frekar stefnumótunarvinnu til dæmis innan sveitarfélaga, landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar. Nú þegar hafa niðurstöðurnar gefið þeim sem vinna að byggðaþróun t.d. á sveitarstjórnarstiginu mikilvægar upplýsingar um raunverulega stöðu í hinum ýmsu byggðum um land allt. Eldri kannanir má nálgast á mælaborði Byggðastofnunar sem [sjá má hér](#).

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og Byggðastofnunar og hefur verið framkvæmd á þriggja ára fresti frá árinu 2004. Þátttaka Suðurlands í könnuninni er jafnframt eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2023.

Könnunin er ætluð öllum íbúum á Íslandi sem náð hafa 18 ára aldri. Stjórn hvetur alla íbúa Suðurlands til að taka þátt í könnuninni en hún er á íslensku, ensku og pólsku, sbr. [hér](#). Áréttar er að aukin þátttaka íbúa auka líkur á að hægt sé að sundurliða niðurstöður niður á einstök sveitarfélög.

f. Atvinnuuppbygging og þróun íbúðamarkaðar á Suðurlandi

Opinn fundur um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar á Suðurlandi verður haldinn á Hótel Selfossi miðvikudaginn 15. nóvember kl. 11:30 – 13:00. Fundurinn er hluti af fundaröð Byggðastofnunar, HMS, Lóu nýsköpunarstyrks og Samtaka iðnaðarins í samstarfi við SASS.

Á fundinum verður farið yfir stöðu á íbúðamarkaði, stafræn byggingarleyfi, nýsköpunarstyrki, hagkvæmni og skilvirkni í íbúðauppbyggingu og þau lánaúrræði sem standa til boða bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu íbúða á landsbyggðinni, sbr. [hér](#).

Samstofna fundur er fyrirhugaður á Höfn 20. nóvember nk.



4. Sóknaráætlun Suðurlands - Uppbyggingarsjóður Suðurlands seinni úthlutun 2023

Þann 3. október rann út umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í seinni úthlutun 2023. Alls bárust 96 umsóknir sem skiptust þannig; 74 umsóknir í flokk menningarverkefna og 22 umsóknir í flokk atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Þórður Freyr kynni vinnu fagráðanna tveggja og forsendur sem liggja til grundvallar tillögum þeirra. Fagráðin gera tillögu að úthlutun alls riflega 36,9 m.kr. til samtals 64 verkefna.

Fagráð menningar gerir tillögu um að veita 54 verkefnum af 75 styrk eða 72% verkefna, samtals að fjárhæð tæplega 24 m.kr. Að tillögu fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar var eitt verkefni úr þeim flokki flutt í flokk menningarverkefna. Úthlutun reyndist vandasöm fyrir fagráðið þar sem gæði umsókna voru mikil og mörg verkefnin verðug styrks.

Stjórn samþykkir tillögu fagráðs menningarverkefna óbreytta.

Grétar Ingi víkur af fundi af fundi þar sem fyrirtæki sem hann tengist á umsókn í flokki atvinnu- og nýsköpunar. Þetta er gert til að tryggja málsmeðferð við úthlutun og er til samræmis við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar gerir tillögu um að veita 10 verkefnum af 21 styrk eða 48% verkefna, samtals að fjárhæð tæplega 13 m.kr. Eins og fram hefur komið var eitt verkefni í floknum flutt í flokk menningarverkefna. Ekki voru gerðar fleiri tillögur sökum þess að aðrar umsóknir uppfylltu ekki formskilyrði eða var á annan hátt ábótavant. Stjórn samþykkir tillögu fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar óbreytta.

Um leið og stjórn SASS áréttar hvatningu til umsækjenda við gerð umsókna að leita sér aðstoðar eða yfirlesturs hjá byggðaþróunarfulltrúum þakkar hún umsækjendum fyrir áhugaverðar og vel unnar umsóknir.

Stjórn mun í byrjun næsta árs yfirfara úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Þriðjudaginn 14. nóvember nk. verða niðurstöður styrkúthlutunar birtar á rafrænni úthlutunarhátíð sem hefst kl. 12:15, sbr. [hér](#).

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 8. desember nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:20

Ásgerður K. Gylfadóttir

Grétar Ingi Erlendsson

Einar Freyr Elínarson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Njáll Ragnarsson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Arnar Freyr Ólafsson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason



Fundargerð stjórnar SOS nr. 322

Staður: Skrifstofa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, Hvolsvelli, og Sorpstöðinni Strönd.

Dagsetning og tími: 13.11.2023, kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

1. Heimsókn á Strönd

Fáum kynningu frá framkvæmdastjóra Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og skoðað svæðið.

2. Reikningur frá Sorpstöð Rangæinga v. brennslulausna

Fjallað um beiðni um frá Sorpstöð Rangæinga vegna kostnaðarþáttöku SOS vegns undirbúnings brennslulausna skv. fyrirliggjandi samantekt kostnaðar. Á aðalfundi SOS 25. október 2019 var stjórn veitt heimild til að gera samstarfssamning við Sorpstöð Rangárvallasýslu vegna verkefnisins. Heimildin fólst í að SOS tæki að sér að fjármagna með láni úr sjóðum SOS helming stofnkostnaðar eða um 40 m.kr. sem síðan yrði endurgreitt á kjörum Láanasjóðs sveitarfélaga. Stjórn óskar eftir að fá fyrrum formann stjórnar, Jón Valgeirsson, til að fara yfir málið með stjórn SOS á næsta fundi stjórnar.

3. Uppgjör eftir aðalfund SOS í Vík

Almennar umræður um aðalfundinn. Farið yfir tillögur sveitarfélaganna að áhersluverkefnum SOS 2024.

Stjórn SOS leggur áherslu á tvö verkefni næsta starfsárið:

- Finna farveg fyrir umhverfisvæna og örugga förgun á efni úr fituskiljun. Formanni falið að taka saman helstu punkta um stöðuna og fyrirhugað að taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar SOS.
- Sameiginlegt fræðsluefni í sorpmálum. Rætt og skoðað það fræðslu- og kynningarefni sem var unnið fyrir verkefnið Umhverfis Suðurland sem mætti endurvekja og endurnýta að einhverju leyti. Formanni falið að ræða

við framkvæmdarstjóra um útfærslu á verkefninu og fyrirhugað að taka málið aftur fyrir á næsta fundi stjórnar SOS.

4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Stefnt er að því að fundur verði haldinn í fjarfundarbúnaði þann 4. desember nk. kl. 15.

Fundi slitið klukkan 15:30.

Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, sunnudaginn 12. nóvember kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Náttúruhamfarir í Grindavík - 2311012SA

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðu mála og hvað hefur gerst um helgina. Upplýsti formaður að sambandið hefði sent út tölvupóst á sveitarfélögin laugardaginn 11.nóvember þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvort og þá hvað sveitarfélögin gætu gert til að aðstoða Grindvíkinga og almannavarnir.

Fulltrúar í stjórn ræddu málid og lögðu áherslu á að ríkið, almannavarnir og sveitarfélögin vinni náið saman í næstu skrefum.

Fundi var slitið kl. 13:00

**Stjórn byggðasamlags UTU - 104. fundur
haldinn Þingborg, þriðjudaginn 14. nóvember 2023
og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Húsnæðismál - 2311043

Framtíðarsýn og skipulag vegna Hverabrautar 6 sem áætlað er að embættið flytjist í 1. apríl 2024.

Umræður um nýtingu á skrifstofuhúsnæðinu sem verið er að byggja við Hverabraud 6 fyrir UTU. Húsnæðið er 329,8 fm² og gert ráð fyrir 14 starfsstöðvum samkvæmt teikningu en mögulega má fjölgja þeim til að ná sem bestri nýtingu á húsnæðinu. Stjórn leggur til að tvær skrifstofur verði stækkaðar úr 13,7 fm² í að minnsta kosti 14 fm² til að opna á þann möguleika að hægt verði að koma fyrir tveimur starfstöðvum ef þurfa þykir. Jafnframt leggur stjórn til að lokað verði hurðaropi á milli tveggja skrifstofa til að auka möguleika á nýtingu á skrifstofunum m.a. með tillit til leigu. Bókuninni vísað til leigusala til úrvinnslu.

Samþykkt

2. Seyruverkefnið - 2311044

Lögð fram bókun frá seyrustjórnarfundi sem haldinn var 30. október sl. þar sem samþykkt er að færa rekstur Seyruverkefnisins inn í byggðasamlagið Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Stjórn UTU samþykkir að færa seyrverkefnið undir UTU með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna og felur skrifstofustjóra að vinna málid áfram í samstarfi við formann stjórnar, formann seyrverkefnisins ásamt framkvæmdar- og verkefnastjóra seyrverkefnisins.

Samþykkt

3. Fjárhagsáætlun UTU - 2310019

Önnur umræða um fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2024.

Skrifstofustjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun embættisins fyrir árið 2024 ásamt briggja ára áætlun. Við gerð hennar var stuðst við ársreikning ársins 2022, fjárhagsáætlun ársins 2023 auk upplýsinga úr bókhaldi embættisins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2023.

Fjárhagsáætlunin tekur tillit til kjarasamningsbundinna launahækkanum sem og vísitöluhækunar launa. Gert er ráð fyrir að embættið flytjist í nýtt húsnæði innan Laugarvatns á öðrum ársfjórðungi 2024 og er áætlaður sérstakur kostnaður vegna

bess 3 millj. kr. Einnig er gert ráð fyrir að ein bifreið embættisins verði endurnýjuð síðari hluta ársins þar sem lagðar verði út 5 millj. kr. auk söluandvirðis bifreiðarinnar upp í nýja bifreið.

Sértekjur embættisins eru áætlaðar rúmar 29 millj. kr. á árinu 2024 sem er hækken um 4,9% út frá niðurstöðuspá fyrir árið 2023 miða við fyrstu 9 mánuði ársins.

Niðurstaða ársins á sértekjum embættisins ræðst af fjölda skipulagsmála sem koma inn fyrir skipulagsnefndina (afgreiðslugjald) ásamt fjölda lóðamála og annarra skipulagsmála sem klárast endanlega í ferli hverju sinni. Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður embættisins hækki um 0,2% á milli ára og verði um 221,0 millj. kr., þar af deili aðildarsveitarfélögin með sér framlögum samkvæmt samþykktum hlutföllum að upphæð 191,3 millj. kr. sem er mismunur á áætluðum rekstrarkostnaði og sértekjum embættisins. Á móti framlögum aðildarsveitarfélöganna til embættisins koma tekjur af byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum sem UTU innheimtir fyrir aðildarsveitarfélögin.

Stjórn samþykkir samhljóða framlagða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2024 og vísar henni til sveitarstjórna aðildarsveitarfélöganna til staðfestingar.

Samþykkt

4. Önnur mál - 2305069

Almennar umræður um rekstur embættisins.

Samþykkt að fara í launagreiningu með störf hjá embættinu í samræmi við önnur byggðarsamlög sem aðildarsveitarfélögin eru aðilar að.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson


Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson


Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson




Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 15.11.2023
Tími: 09:35:17
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

fulltrúi Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson




Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 15.11.2023
Tími: 13:22:13
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson




Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 15.11.2023
Tími: 14:39:31
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason




Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 20.11.2023
Tími: 09:24:53
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 15.11.2023
Tími: 12:14:06
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

fulltrúi Flóahrepps
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:
Walter Fannar
Kristjánsson
0609892229
Dags: 15.11.2023
Tími: 14:01:35
Ástaða: Samþykkt
Signet ID: 93b3b70c-
4369-4384-86bb-
7be5fa853416

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á skrifstofu Flóahrepps að Þingborg þann 6. nóvember 2023, kl. 16:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Haraldur Pór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Graftningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Auk þeirra sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjórar
Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Frá deildarstjórum Skóla- og velferðarþjónustu:

- a) Stuttar fréttir af starfseminni.


Anný fór yfir stöðu og starfsemi velferðarþjónustunnar síðustu vikur. Nokkur aukning hefur orðið á málafjölda barnaverndarmála. Heimaþjónusta er svipuð og verið hefur en 18 starfsmenn starfa að heimaþjónustu í 11,5 stöðugildum og er mönnun með ágætum. Fjárhagsaðstoð er einnig með svipuðum hætti og verið hefur. Engar reglur eru í gildi varðandi akstur aldraðra og mikilvægt að þær verði settar sem fyrst.

Gunnlaug fór yfir stöðu og starfsemi skólaþjónustunnar síðustu vikur. Hún fór yfir verklagjöld sem unnið er eftir í skólunum en mikilvægt er að formgera samskipti skólaþjónustunnar og skólanna enn betur en gert er í dag. Biðlisti er enn nokkur eftir þjónustu sálfræðinga en þó er unnið markvisst að því að kanna hvort önnur úrræði gagnist mögulega betur. Heiður Eysteinsdóttir hefur verið ráðin sem náms- og starfsráðgjafi og hefur hún þegar tekið til starfa.

Rætt um mikilvægi tölfræðilegra gagna og munu deildarstjórar vinna úr þeim umræðum sem sköpuðust á fundinum.

- b) Tillögur að fjárhagsáætlunum 2024.

Deildarstjórar fóru yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Unnið verður áfram að fjárhagsáætlun og verður hún kynnt á næsta fundi stjórnar sem haldinn verður á Teams.



2. Aðalfundur SVÁ

Formanni falið að stilla upp tillögu að aðalfund ársins 2022 bæði hvað varðar samstarfið í Árnessýslu í heild sem og aðalfund varðandi starfsemi okkar svæðis árið 2023. Fundirnir verði haldnir á Teams og ákvarðanir staðfestar rafrænt.

3. Erindisbréf fagnefndar SVÁ

Lögð fram drög að erindisbréfi fagnefndar SVÁ. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Undanþága frá barnaverndarþjónustu

Anný kynnti að núverandi undanþága gildir til 15. janúar 2024. Deildarstjóra falið að vinna að umsókn um framlengingu undanþágunnar með sömu rökum og síðast voru lögð fram.

5. Félagssamningur SVÁ

Formaður fór yfir stöðu félagasamningsins en enn hefur ráðuneytið ekki samþykkt samninginn þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að málið verði klárað. Formanni falið að fylgja málinu eftir.

6. Fundargerðir:

- Fagnefndar nr. 1 dags. 31.10.2023

Fundargerðin lögð fram til kynningar en deildarstjórar munu einnig senda aðildarsveitarfélögnum fundargerðina til staðfestingar.

- Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu dags. 24.08.23 og dags. 17.10.2023

7. Efni til kynningar:

Samantekt frá Vinnustofu II

Stjórn leggur áherslu á að unnið verði áfram með niðurstöður vinnustofunnar sem tókst mjög vel að mati stjórnar.

8. Önnur mál

Rætt um tækifæri sem felast í styrkjum til skólaþróunar og verkefni sem skemmtilegt og gott væri að kynna hagsmunaaðilum á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:46

